

Undirritun verksamnings um Olweusarverkefnið í grunnskólum 2006-2008



Frá undirritun samningsins f.v.: Tryggvi Jakobsson, Hanna Hjartardóttir, Þorlákur Helgason, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, Þórður Skúlason og María Kristín Gylfadóttir.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra, Þórður Skúlason, framkvæmdastjóri [Sambands íslenskra sveitarfélaga](#) og Hanna Hjartardóttir, formaður [Félags skólastjóra](#), fyrir hönd [Kennarasambands Íslands](#), og Þorlákur Helgason framkvæmdastjóri Olweusarverkefnisins, undirrituðu í dag, 18. maí, verksamning um rekstur Olweusarverkefnisins gegn einelti í grunnskólum 2006-2008. Með verksamningnum er tryggt að allt að 30 grunnskólar geti hafið innleiðingu verkefnisins þegar við upphaf næsta skólaárs, haustið 2006 og að þeir skólar sem fyrir eru í verkefninu geti haldið markvissu starfi áfram með þeim skyldum sem fylgja því að vera virkur þátttakandi í verkefninu. Frá því að Olweusarverkefnið hófst haustið 2002 hafa 75 grunnskólar með um helming allra grunnskólanemenda í landinu tekið þátt í eineltisáætluninni. Næsta skólaár er gert ráð fyrir að skólar með

allt að 10 þúsund nemendur bætist við og þar með nái verkefnið til allt að 75% grunnskólanemenda í landinu. Olweusarverkefnið er viðamikilið forvarnarstarf þar sem allir starfsmenn skóla og aðilar úr grenndarsamfélaginu eru beinir þátttakendur. Sérstök áhersla er lögð á virka þátttöku foreldra og öflugt samstarf heimila og skóla. Ætla má að um fimm þúsund starfsmenn í grunnskólum, félagsmiðstöðvum, íþróttafélögum, kirkjunni og fleiri stofnunum og samtökum hafi með skipulögðum hætti öðlast þekkingu og færni að vinna gegn einelti, uppræta það og skapa nemendum umhverfi þar sem ofbeldi þrífst ekki. Nemendur hafa með markvissum hætti í skóla og með foreldrum sínum fjallað um mikilvægi þess að temja sér að bera gagnkvæma virðingu, segja frá, andmæla einelti og taka afstöðu gegn því.

Olweusaráætlunin beinist fyrst og fremst að forvörnum og tekur á ýmsum þeim áhættuþáttum sem herja á börn og unglinga. Einörb afstaða og ábyrgð hinna fullorönu er grundvallaratriði og að samstaða náist í skóla og á heimilum um þau viðmið sem skulu í hávegum höfð. Á vegum Olweusarverkefnisins hafa viðamiklar kannanir um einelti og líðan nemenda í 4.-10. bekk verið lagðar fyrir samtals 32 þúsund nemendur fimm sinnum á tímabilinu 2002-2006, fyrst í nóvember 2002 og síðast í mars 2006. Þær sýna að dregið hefur verulega úr einelti í grunnskólum og allir þátttökuskólar hafa fengið niðurstöður sem nýstast sem grunnur að áframhaldandi starfi skólanna til að skapa nemendum sem öruggast skólaumhverfi.

Olweusarverkefnið er samstarfsverkefni menntamálaráðuneytis, Kennarasambands Íslands, Sambands íslenskra sveitarfélaga, einstakra sveitarfélaga, [Heimilis og skóla](#), [Kennaraháskóla Íslands](#) og [Námsháskólunnar](#).

Nánari upplýsingar eru aðgengilegar á vef verkefnisins, [olweus.is](#).



Stóra upplestrarkeppnin hlaut Foreldraverðlaun Heimilis og skóla 2006

[Foreldraverðlaun Heimilis og skóla](#) voru afhent í 11. sinn við hátíðlega athöfn í Þjóðmenningarhúsinu 16. maí sl. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra afhenti verðlaunin. Á myndinni eru María Kristín Gylfadóttir, formaður Heimilis og skóla, Össur Geirsson, stjórnandi [Skólahljómsveitar Kópavogs](#), sem fékk dugnaðarforsverðlaun Heimilis og skóla, Helga Jóhannsdóttir, formaður Foreldrafélags Laugargarðisskóla, Hera Sigurðardóttir og Bryndís Gunnarsdóttir, kennarar í [Vesturbæjarskóla](#), sem fengu hvatningarverðlaun Heimilis og skóla. Loks eru verðlaunahafarnir Ingibjörg Einarsdóttir og Baldur Sigurðsson, frumkvöðlar [Stóru upplestrarkeppninnar](#), sem hlutu foreldraverðlaun Heimilis og skóla 2006 og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra sem afhenti verðlaunin. Sjá nánari upplýsingar á [www.heimililogskoli.is](#)

Út er komið ritið *Menntun dönsku-, ensku- og íslenskukennara í grunnskólum 2005-2006 : samantekt úr könnun menntamálaráðuneytis*

[Skýrsla](#) þessi birtir niðurstöður könnunar sem menntamálaráðuneyti gerði á menntun dönsku-, ensku- og íslenskukennara í grunnskólum skólaárið 2005-2006.



Úthlutað hefur verið úr Þróunarsjóði grunnskóla fyrir skólaárið 2006-2007

Menntamálaráðherra hefur ákveðið, að tillögu ráðgjafarnefndar, að veita styrki að upphæð alls 13 milljónir króna til 31 verkefnis, en samtals voru umsóknir að þessu sinni 54. Hjallastefnan fær hæsta styrkinn að þessu sinni, eina millj. kr. til þróunar kynjanámskrár Hjallastefnunnar, en Álfaneskólí fær næst hæsta styrkinn, 700 þús. kr. til þróunar lýðræðislegra vinnubragða með aðferðum uppeldis til ábyrgðar. Tilgangur sjóðsins er að efla nýjungar, tilraunir og nýbreytni í skipulagi náms, kennsluháttum, námsgögnum og mati í grunnskólum. Nánari upplýsingar er að finna á [vef ráðuneytisins](#).

Að læra á lífið - lífsleikni í nútíð og framtíð

Ráðstefna um lífsleikni 29. maí 2006

Menntamálaráðuneyti efir til [ráðstefnu](#) um lífsleikni í leik-, grunn- og framhaldsskólum undir yfirskriftinni, *Að læra á lífið - lífsleikni í nútíð og framtíð* þann 29. maí nk. Ráðstefnan verður haldin á Hótel Nordica í Reykjavík og hefst kl. 13:00.

Aðalfyrirlesari ráðstefnunnar er Conor Harrison sem kemur frá Írlandi. Hann er framarlega á sviði kennaramenntunar í heimalandi sínu, bæði í félagsfræði og lífsleikni með áherslu á kennslu í borgaravítund, *Civic, Social and Political Education*, (CSPE). Hann hefur einnig kennt við School of Education and Lifelong Learning í University College í Dublin og fleiri háskóla á Írlandi og haldið námskeiði víða í Evrópu. Conor Harrison er ásamt Mairín Wilson, höfundur kennslubókarinnar *Make a difference*.

Á ráðstefnunni mun Erla Kristjánsdóttir, lektor í menntunarfræði við Kennaraháskóla Íslands, flytja erindi um áhrif lífsleikni á námsárangur. Stuttlega verður gerð grein fyrir endurskoðun námskrár í lífsleikni fyrir grunn- og framhaldsskóla og leikskóla. Ráðstefnan er þátttakendum að kostnaðarlausu og öllum opin á meðan húsrúm leyfir. Hægt er að skrá sig í tölvupósti á netfangið: erla.osk.gudjonsdottir@mrn.stjr.is. Nánari upplýsingar er að finna á [vef ráðuneytisins](#).

